

## Til að opna nýja stofu sjúkráþjálfara þurfa eftirfarandi atriði að vera uppfyllt.

Sækja þarf um leyfi til að opna nýja stofu til Sjúkratrygginga Íslands. Þau gögn sem skila þarf inn með umsókn eru:

- Teikningar af fyrirhugaðri starfsstofu með upplýsingum um staðsetningu.
- Afrit af samþykki frá heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags á að húsnæði uppfylli reglur um starfsleyfisskilyrði fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætt nr. 941/2002.
- Afrit af samþykki Landlæknis fyrir að rekstur stofu uppfylli faglegar lágmarkskröfur í samræmi við reglugerð nr. 786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur.
- Staðfestingu á að tæki og búnaður séu í samræmi við fylgiskjal 1 í samningi sjúkráþjálfara og SÍ og faglegar lágmarkskröfur fyrir sjúkráþjálfara á stofu og í heimahúsum.
- Staðfestingu á stofnun fyrirtækis (sjúkráþjálfarastofu) frá fyrirtækjaskrá.
- Ef um er að ræða húsnæði sem er í eigu opinberra aðila, þarf að skila inn leigusamningi sbr. bókun 1 í rammamningi SÍ og sjúkráþjálfara.

Þegar öll gögn hafa borist SÍ er metið hvort viðkomandi starfsstofa uppfylli skilyrði sem sett eru í grein 3 í samningi SÍ og sjúkráþjálfara. Eiganda stofu er í framhaldi af því sent bréf þar sem staðfest er að viðkomandi stofa sé samþykkt af SÍ. Ekki er heimilt að hefja störf á viðkomandi stofu fyrr en slíkt heimild hefur verið gefin af SÍ.

Sjúkráþjálfari sem flytur starfssemi sína á nýja stofu þarf jafnframt að fylgja leiðbeiningum „**Sjúkráþjálfari sem hefur störf**“ eða „**Flutningur á aðra starfsstöð**“ og skila þeim gögnum sem þar er óskað eftir. Allar upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en viðkomandi hefur störf á nýrri stofu.